



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

135. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hafnarborg, Strandgötu 34 í Hafnarfirði, föstudaginn 14. febrúar
2025
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Andri Steinn Hilmarsson, Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Kynning á fulltrúum - 2003003

Kynning á fulltrúum og nýjum formanni.

2. Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins -Sóknaráætlun 2023 - 2303007

Útivistarvefurinn utumallt.is er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2020-2024. Vefurinn var formlega opnaður 3. febrúar 2025. Svæðisskipulagsstjóri kynnir vefinn.

3. MOS Blikastaðaland 1. áfangi - 2312004

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni dagsett 17. desember 2024 frá Mosfellsbæ. Í kynningu er tillaga á vinnslustigi vegna nýs deiliskipulags, Blikastaðaland áfangi 1. Umsagnarfrestur var til 10. febrúar 2025 en svæðisskipulagsnefnd hefur fengið frest þar til eftir 135. fund nefndarinnar.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar kynnir skipulagstillöguna á fundinum.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Gestir

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæ -

Samþykkt. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn til samræmis við fyrirliggjandi drög.

4. RVK Hólmsheiði - athafnasvæði - 1906003

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavík dagsett 28. nóvember 2024 vegna



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

auglýsingar tillögu nýs deiliskipulags fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði. Frestur til athugasemda var lengdur til 31. janúar 2025 þar sem fleiri gögnum var bætt við í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þann 16. janúar 2025. Svæðisskipulagsnefnd hefur fengið frest til að skila inn umsögn þar til eftir 135. fund nefndarinnar.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn til samræmis við fyrirliggjandi drög.

5. KÓP Kársnes - Þróunarsvæði - 2405004

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Kópavogi dagsett 16. janúar 2025. Í kynningu er breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn til samræmis við fyrirliggjandi drög.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:20.